

154. löggjafarþing 2023–2024.  
Þingskjal 1574 — 1078. mál.

# Frumvarp til fjáráukalaga

## fyrir árið 2024, sbr. lög nr. 17/2024.

(Lagt fyrir Alþingi á 154. löggjafarþingi 2023–2024.)

### Efnisyfirlit

	Bls.
<b>Lagagreinar</b>	
1. gr. Fjárheimildir málefnasviða .....	3
2. gr. Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka .....	4
3. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir .....	5
<b>Sundurliðun</b>	
1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum .....	6
<b>Greinagerð</b>	
Inngangur .....	11
1. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir .....	12
2. Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta) .....	13
3. Endurmat á afkomu ársins 2024 .....	16
Greinargerð við einstaka málaflokka .....	17



# A1-hluti

## Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum

1. gr.  
Eftirtalдар breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2024 um fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta).

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
20 Framhaldsskólastig .....		150,0			150,0		150,0
23 Sjúkrahúsjónusta .....	50,0				50,0		50,0
29 Fjölskyldumál .....		5.100,0			5.100,0		5.100,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....		49,0			49,0		49,0
31 Húsnæðis- og skipulagsmál		7.250,0	320,0		7.570,0		7.570,0
<b>Samtals</b>	<b>50,0</b>	<b>12.549,0</b>	<b>320,0</b>		<b>12.919,0</b>		<b>12.919,0</b>

## A1-hluti

# Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum og málaflokkum

2. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2024 um framlög úr ríkissjóði (A1-hluta) og fjárheimildir sundurliðaðar eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Framlag úr ríkissjóði
<b>02 Mennta- og barnamálaráðuneyti</b> .....		<b>150,0</b>			<b>150,0</b>	<b>150,0</b>
20 Framhaldsskólastig.....		150,0			150,0	150,0
20.30 Vinnustaðanám og styrkir.....		150,0			150,0	150,0
<b>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti</b> .....		<b>2.149,0</b>			<b>2.149,0</b>	<b>2.149,0</b>
29 Fjölskyldumál.....		2.100,0			2.100,0	2.100,0
29.20 Fæðingarorlof.....		600,0			600,0	600,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.....		1.500,0			1.500,0	1.500,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....		49,0			49,0	49,0
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi.....		49,0			49,0	49,0
<b>08 Heilbrigðisráðuneyti</b> .....	<b>50,0</b>				<b>50,0</b>	<b>50,0</b>
23 Sjúkrahúspjónusta.....	50,0				50,0	50,0
23.10 Sérhæfð sjúkráðuneyti.....	50,0				50,0	50,0
<b>09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti</b> .....		<b>9.000,0</b>			<b>9.000,0</b>	<b>9.000,0</b>
29 Fjölskyldumál.....		3.000,0			3.000,0	3.000,0
29.10 Barnabætur.....		3.000,0			3.000,0	3.000,0
31 Húsnæðis- og skipulagsmál.....		6.000,0			6.000,0	6.000,0
31.10 Húsnæðismál.....		6.000,0			6.000,0	6.000,0
<b>10 Innviðaráðuneyti</b> .....		<b>1.250,0</b>	<b>320,0</b>		<b>1.570,0</b>	<b>1.570,0</b>
31 Húsnæðis- og skipulagsmál.....		1.250,0	320,0		1.570,0	1.570,0
31.10 Húsnæðismál.....		1.250,0	320,0		1.570,0	1.570,0
<b>Samtals</b> .....	<b>50,0</b>	<b>12.549,0</b>	<b>320,0</b>		<b>12.919,0</b>	<b>12.919,0</b>

Ýmis ákvæði

## **Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir**

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3 ma.kr.“ vegna hlutdeildarlána í 6. tölul. kemur: 4 ma.kr.

## Sundurliðun 1

**Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum****20 Framhaldsskólastig****20.30 Vinnustaðanáám og styrkir***02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

Rekstrartilfærslur .....	150,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>150,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	150,0
-----------------------------	-------

<b>20 Framhaldsskólastig, heildargjöld .....</b>	<b>150,0</b>
--	--------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>150,0</b>
------------------------------------	--------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

m.kr.

## 23 Sjúkrahúsjónusta

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsjónusta

*08 Heilbrigðisráðuneyti*

Rekstrarframlög ..... 50,0

**Heildarfjárheimild ..... 50,0**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 50,0

**23 Sjúkrahúsjónusta, heildargjöld ..... 50,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 50,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 29 Fjölskyldumál

### 29.10 Barnabætur

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	3.000,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>3.000,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	3.000,0
-----------------------------	---------

### 29.20 Fæðingarorlof

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	600,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>600,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	600,0
-----------------------------	-------

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	1.500,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>1.500,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	1.500,0
-----------------------------	---------

<b>29 Fjölskyldumál, heildargjöld .....</b>	<b>5.100,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>5.100,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>



m.kr.

## 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

#### *07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

Rekstrartilfærslur ..... 49,0

**Heildarfjárheimild** ..... **49,0**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 49,0

**30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld** ..... **49,0**

**Rekstrartekjur** ..... **0,0**

**Framlag úr ríkissjóði** ..... **49,0**

**Viðskiptahreyfingar** ..... **0,0**

## 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

### 31.10 Húsnæðismál

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	6.000,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>6.000,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	6.000,0
-----------------------------	---------

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	1.250,0
Fjármagnstilfærslur .....	320,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>1.570,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	1.570,0
-----------------------------	---------

<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál, heildargjöld .....</b>	<b>7.570,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>7.570,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## Greinargerð.

## Inngangur

Þetta frumvarp til fjárukalaga er lagt fram vegna aðkomu ríkissjóðs að kjarasamningum á almennum markaði sem undirritaðir voru í byrjun mars sl. og gilda út janúar 2028 að uppfylltum vissum skilyrðum. Frumvarpið er þriðja sinnar tegundar á árinu, en áður hafa verið lögð fram og samþykkt tvö fjárukalagafrumvörp vegna jarðhræringa og eldsumbrota í og við Grindavíkurbæ og þess óvissuástands sem þar hefur skapast.

Töluvert áður en kjarasamningar náðust á almennum markaði var til umræðu að hið opinbera tæki þátt í að liðka fyrir samningum. Í samræmi við markmið stjórnvalda mætti með því tryggja að samið yrði til lengri tíma með hóflegum launahækkunum sem skapað geti skilyrði fyrir minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Auk þess að vinna að því markmiði er ráðstöfunum stjórnvalda ætlað að stuðla að heilbrigðari húsnæðismarkaði og fjölskylduvænna samfélagi. Útgjöld vegna þessara ráðstafana falla einkum til á árunum 2024–2027 en hluti þeirra felur í sér varanlegar breytingar á tilfærslukerfum sem leiða til útgjaldaauka að því tímabili loknu. Gert er ráð fyrir viðbótarútgjöldum vegna aðkomu ríkissjóðs að samningunum frá og með árinu 2025 í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 sem nýlega var lögð fyrir þingið. Eftir sem áður þarf að leggja til, og þingið að samþykkja, fjárheimildir vegna einstakra verkefna í fjárlögum hvers árs. Þá er ljóst að ekki eru fyrir hendi fjárheimildir í fjárlögum 2024 vegna útgjalda til þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir að falli til á yfirstandandi ári, en gert er ráð fyrir að verkefnin verði öll hafin eða komin að fullu til framkvæmda um mitt ár.

**Efni frumvarpsins.** Í frumvarpinu eru lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málaefnasviða og málaflokka ráðuneyta, samtals um 12,9 ma.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan einskíptis vaxtastuðning til heimila með íbúðalán og er heildarkostnaður vegna þess áætlaður 6 ma.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna barnabóta þar sem bótafjárhæð verður hækkuð og dregið úr tekjuskerðingum, en viðbótarkostnaður umfram núverandi fjárveitingu er áætlaður 3 ma.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir gjaldfrjálsum skólamáltíðum grunnskólabarna frá næsta skólaári og er stuðningur ríkissjóðs vegna þess metinn 1,5 ma.kr. á yfirstandandi ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir hækkun húsnæðisbóta og fjölgun bótaflokka sem leiða til 1.250 m.kr. aukningar útgjalda á árinu. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir hækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði með kostnaðarauka sem nemur 600 m.kr. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir aukinni gjaldfærslu vegna hlutdeildarlána að upphæð 320 m.kr. Í sjöunda lagi er framlag til vinnustaðanámssjóðs hækkað um 150 m.kr. Í áttunda lagi er gert ráð fyrir 50 m.kr. til þess að auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Loks er, í níunda lagi, gert ráð fyrir 49 m.kr. aukningu framlaga til Abyrgðarsjóðs launa vegna hækkunar á hámarksábyrgð sjóðsins.

Í frumvarpi þessu verður jafnframt lögð til breyting á 5. gr. fjárlaga yfirstandandi árs vegna breyttrar skiptingar lánaheimilda Húsnæðissjóðs. Heimild vegna hlutdeildarlána hækkar á móti samsvarandi lækkun á öðrum heimildum sjóðsins.

Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í köflunum hér á eftir.

# 1 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Lagt er til að gerð verði breyting á 6. tölulið 5. gr. fjárlaga 2024 sem heimilar endurlán fyrir allt að 20 ma.kr. til Húsnæðissjóðs vegna útlána sjóðsins að sömu fjárhæð. Í núverandi heimild kemur fram að hlutdeildarlán séu 3 ma.kr. af heildarfjárhæð heimildarinnar. Lögð er til breyting sem hækkar heimild til hlutdeildarlána í 4 ma.kr. Heildarendurlánsheimildin sem nemur 20 ma.kr. helst þó óbreytt.

Til grundvallar nýjum ráðstöfunum á árinu 2024 á sviði húsnæðismála liggur markmið stjórnvalda um aðkomu ríkissjóðs að uppbyggingu 1.000 íbúða á árinu ýmist með stofnframlögum eða hlutdeildarlánnum. Samkvæmt upplýsingum frá innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eru lánaheimildir yfirstandandi árs vegna hlutdeildarlána að klárast, m.a. vegna þess að skilyrði hlutdeildarlána voru rýmkuð með reglugerðabreytingu um mitt síðasta ár. Til að bregðast við þeirri stöðu og styðja við þau markmið sem þegar hafa verið sett um íbúðauppbyggingu, og lágu fyrir við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, er lagt til að Húsnæðissjóði verði gert heimilt að flytja lánaheimildir milli flokka og lána 4 ma.kr. af 20 ma.kr. lánsfjárheimild til hlutdeildarlána.

## 2 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Á gjaldahlíð frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta útgjöldum ríkissjóðs sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga ársins 2024 og teljast nú orðin brýn eða óhjákvæmileg. Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpið lagt fram vegna aðgerða sem tengjast kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Tillögur í frumvarpinu fela því einungis í sér auknar fjárheimildir til að mæta útgjöldum vegna aðkomu ríkissjóðs að samningunum.

### 2.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Í frumvarpinu eru lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefna sviða og málaflokka ráðuneyta, samtals um 12,9 ma.kr. Það svarar til tæplega 0,9% aukningar frá áður samþykktum fjárheimildum í fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög <sup>1</sup> 2024	Heimildir <sup>2</sup> 2024	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	6.771,8	6.771,8		
02 Dómstólar .....	4.044,8	4.044,8		
03 Æðsta stjórnýsla .....	2.781,5	2.781,5		
04 Utanríkismál .....	15.840,7	15.840,7		
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	29.443,6	29.443,6		
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	3.468,6	3.468,6		
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	32.946,2	32.946,2		
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	33.794,7	33.794,7		
09 Almanna- og réttaröryggi .....	40.400,9	40.400,9		
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	26.423,7	26.423,7		
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	56.686,4	56.686,4		
12 Landbúnaður .....	23.390,3	23.390,3		
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	7.752,0	7.752,0		
14 Ferðaþjónusta .....	2.167,9	2.167,9		
15 Orkumál .....	14.670,5	14.670,5		
16 Markaðseftirlit og neytendamál .....	3.969,4	3.969,4		
17 Umhverfismál .....	33.647,4	33.647,4		
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....	21.822,1	21.822,1		
19 Fjölmíðlun .....	6.945,6	6.945,6		
20 Framhaldsskólastig .....	45.676,0	45.826,0	150,0	0,3%
21 Háskólastig .....	65.403,3	65.403,3		
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála ....	5.700,9	5.700,9		
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	160.993,4	161.043,4	50,0	0,0%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	89.048,3	89.048,3		
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....	79.851,1	79.851,1		
26 Lyf og lækningavörur .....	41.831,0	41.831,0		
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks .....	107.782,7	107.782,7		
28 Málefni aldraðra .....	117.862,5	117.862,5		
29 Fjölskyldumál .....	63.115,1	68.215,1	5.100,0	8,1%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	53.300,3	53.349,3	49,0	0,1%
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	25.656,4	33.226,4	7.570,0	29,5%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	11.929,4	11.929,4		
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....	179.195,4	179.195,4		
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	63.481,7	63.481,7		
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	13.106,8	13.106,8		
<b>Samtals .....</b>	<b>1.490.902</b>	<b>1.503.821</b>	<b>12.919</b>	<b>0,9%</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum áður samþykktum fjárukaulögum fyrir árið 2024, sbr. lög nr. 7/2024.

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukaulögum, sbr. frumvarp þetta.

**Í fyrsta lagi** er um að ræða framlög á málefnasviði 31 *Húsnæðis- og skipulagsmál* vegna sérstaks vaxtastuðnings og hækkunar húsaleigubóta. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir 6 ma.kr. í sérstakan vaxtastuðning til heimila með íbúðalán. Stuðningurinn tekur mið af vaxtagjöldum ársins 2023 og kemur til viðbótar almennum vaxtabótum. Ekki er gert ráð fyrir að aðgerðin verði endurtekin árið 2025 þar sem forsendur kjarasamninga miðast við að vaxtakostnaður heimila muni lækka. Þá verða húsnæðisbætur hækkaðar frá 1. júní nk. Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta til leigjenda hækka um 25% og aukið tillit verður tekið til fjölskyldustærðar þannig að greiddar verða húsnæðisbætur fyrir allt að sex heimilismenn í stað fjögurra áður. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa verði um 1,3 ma.kr. á árinu 2024.

**Í öðru lagi** eru framlög á málefnasviði 29 *Fjölskyldumál* aukin vegna skólamáltíða, barnabóta og hækkunar á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Skólamáltíðir grunnskólabarna verða gerðar gjaldfrjálsar frá næsta skólaári og verða gjaldfrjálsar út árið 2027 í samræmi við gildistíma kjarasamninga á almennum markaði. Áætlaður kostnaður vegna þess nemur 1,5 ma.kr. á árinu 2024 en alls munu um 45 þúsund börn njóta gjaldfrjálsra máltíða. Barnabætur verða bæði hækkaðar og dregið úr tekjuskerðingum sem mun fjölga um 10 þúsund þeim foreldrum sem fá stuðning og nemur viðbótarkostnaður vegna barnabóta 3 ma.kr. á yfirstandandi ári. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkuðu úr 600 þús.kr. í 700 þús.kr. á mánuði þann 1. apríl sl. og er gert ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna þessa nemi 600 m.kr. á árinu.

**Í þriðja lagi** er um að ræða útgjöld vegna ýmissa mála. Til að efla vinnustaðanám og fjölga tækifærum nema til starfsþjálfunar eru framlög til vinnustaðanámssjóðs aukin um 150 m.kr. á árinu á málefnasviði 20 *Framhaldsskólastig*. Þá verður hámarksábyrgð úr Ábyrgðarsjóði launa hækkuð í þremur skrefum á málefnasviði 30 *Vinumarkaður og atvinnuleysi*. Þann 1. apríl sl. hækkaði ábyrgðin úr 633 þús.kr. í 850 þús.kr. og er gert ráð fyrir 49 m.kr. viðbótarkostnaði á árinu vegna þeirrar breytingar. Loks verða 50 m.kr. veittar til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu á málefnasviði 23 *Sjúkrahúspjónusta*.

Frumvarp til fjárukalaga 2024 sbr. lög nr.17/2024: Útgjaldamál eftir tilefnum	Fjárheimildir m.kr.
<b>Fjârlög 2024</b>	
Heildargjöld.....	1.490.902
<b>Frumvarp til fjârukalaga 2024</b>	
Sérstakur vaxtastuðningur til heimila með íbúðalán.....	6.000
Barnabætur.....	3.000
Gjaldfrjálsar skólamáltíðir.....	1.500
Hækkun húsnæðisbóta.....	1.250
Hækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.....	600
Gjaldfærður ríkisstuðningur vegna hlutdeildarlána.....	320
Framlag til vinnustaðanámssjóðs.....	150
Bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.....	50
Hækkun hámarksábyrgðar launa úr Ábyrgðarsjóði launa.....	49
<b>Breytingar á heildargjöldum .....</b>	<b>12.919</b>
<b>Heimildir 2024</b>	
Heildargjöld.....	1.503.821

### Áhrif á jafnrétti kynjanna

Lagt var mat á áhrif ráðstafana í frumvarpinu á jafnrétti kynjanna í samræmi við aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar. Í ljósi þess að meiri hluta ráðstafananna er ætlað að styðja við tekjulægri hópa og að konur hafa að meðaltali lægri tekjur en karlar eru ráðstafanirnar almennt taldar líklegar til að styðja við markmið um kynjajafnrétti. Þá tekur útfærsla margra aðgerðanna mið af stöðu einstæðra foreldra sem styður einnig við jafnrétti en konur eru mun líklegri en karlar til að búa einar með börnum.

Konur eru í meiri hluta meðal leigjenda hjá stærstu leigufélögunum sem hljóta stofnframlög, auk þess sem konur eru í meiri hluta meðal móttakenda húsnæðisbóta. Í báðum tilfellum virðist helsta skýringin vera sú að einstæðir foreldrar sem deila lögheimili með börnum eru stór hluti þeirra sem nýta þessi úrræði.

Meiri hluti greiddra barnabóta fer alla jafna til kvenna þar sem mikill meiri hluti foreldra sem deila lögheimili með börnum sínum er konur, auk þess sem konur eru að meðaltali með lægri tekjur en karlar. Hækkun á hámarksgreiðslum fæðingarorlofs bætir afkomu foreldra í fæðingarorlofi en konur taka að meðaltali lengra orlof en karlar. Þá er hækkunin talin líkleg til að auka hvata feðra til að fullnýta sinn rétt en mun herra hlutfall feðra en mæðra lendir nú á þaki hámarksgreiðslna. Breytingin er þannig líkleg til að stuðla að jafnari skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir gagnast öllum fjölskyldum með börn í grunnskóla en hafa mest áhrif á tekjulægstu hópana. Í ljósi kynbundins launamunar og kynjahlutfalls þeirra sem búa ein með börnum er því líklegt að aðgerðin hafi almennt meiri áhrif á konur en karla.

Framlög til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu eru einnig talin stuðla að jafnrétti þar sem kynbundinn munur er á heilsu og konur nýta heilbrigðisþjónustu almennt meira en karlar. Þá er talið líklegt að konur sinni frekar læknisheimsóknum barna en karlar. Aukin framlög til vinnustaðanamssjóðs eru talin viðhalda óbreyttri stöðu en kynjamunur er mikil áskorun í starfsnámi þar sem 2/3 hlutar nemenda eru karlkyns og mikil kynjaslagsíða í flestum starfsmenntagreinum.

### 3 Endurmat á afkomu ársins 2024

Í frumvarpi til fjárukalaga er einungis verið að leita eftir auknum fjárheimildum til mál-fnasviða og málaflokka. Frumvarpið felur því ekki í sér heildarendurmat á áætluðum útgjöldum ársins, s.s. þegar um er að ræða útgjöld sem gætu orðið lægri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Það felur í sér að misræmi getur verið í samanburði, annars vegar á tillögum að breyttum fjárheimildum í fjárukalagafrumvarpi og hins vegar í endurmati á áætluðum útgjöldum ársins sem fjallað er um í þessum kafla. Í ljósi þessa þykir rétt að setja umfang fjárukalagafrumvarpsins í stærra samhengi við þróun afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Uppfærðar afkomuhorfur ársins 2024 hafa nýlega verið birtar í þingsályktun um fjármála-áætlun fyrir árin 2025–2029. Þar er gert ráð fyrir samsvarandi útgjöldum vegna kjarasamninga á árinu og tilgreind eru hér að framan að tveimur liðum undanskildum. Í þessu frumvarpi bættist við 320 m.kr. gjaldfærsla vegna hækkunar á heimild hlutdeildarlána sem lá ekki fyrir við vinnslu fjármálaáætlunarinnar og einnig 200 m.kr. viðbót vegna breytinga á kostnaðarmati aðgerða.

Heildartekjur ársins 2024 eru áætlaðar 1.367 ma.kr. sem er um 11 ma.kr. meira en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Auknar tekjur má einkum rekja til endurmats á umfangi afskrifta skattkrafna í samræmi við breytta aðferðafræði Fjárslunnar og þess að gert er ráð fyrir hærri arðgreiðslu frá Landsvirkjun. Vega þessar breytingar upp á móti öðrum breytingum til lækkunar tekna.

Heildargjöld á árinu 2024 eru áætluð 1.417 ma.kr. sem er um 9 ma.kr. meira en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Þyngst vegur aðkoma ríkissjóðs að gerð kjarasamninga á almennum markaði sem felur m.a. í sér sérstakan vaxtastuðning, aukinn stuðning við barnafjölskyldur og aðgerðir í húsnæðismálum eins og greint er frá í köflunum hér að framan. Á móti kemur að gert er ráð fyrir minni verðbólgu en í áætlun fjárlaga sem leiðir til um 3 ma.kr. lækkunar á áætlaðri gjaldfærslu verðbóta verðtryggðra lána.

Gangi þessi áætlun eftir verður frumjöfnuður ríkissjóðs jákvæður um rúmlega 21 ma.kr. eða 0,5% af VLF og yrði það annað árið í röð þar sem frumjöfnuður er jákvæður. Að teknu tilliti til rúmlega 71 ma.kr. halla á vaxtajöfnuði er gert ráð fyrir að heildarafkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 50 ma.kr. eða 1,1% af VLF sem er nær óbreytt frá áætlun fjárlaga.

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2024	ma.kr.		Fjárlög 2024	% af VLF	
		Áætlun 2024	br.		Áætlun 2024	br.
Frumtekjur .....	1.315,1	1.324,3	9,2	29,1	29,2	0,1
Frumgjöld .....	1.290,2	1.303,0	12,8	28,5	28,7	0,2
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>24,9</b>	<b>21,3</b>	<b>-3,6</b>	<b>0,6</b>	<b>0,5</b>	<b>-0,1</b>
Vaxtatekjur .....	41,4	43,1	1,7	0,9	1,0	0,0
Vaxtagjöld .....	117,6	114,2	-3,4	2,6	2,5	-0,1
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-76,2</b>	<b>-71,1</b>	<b>5,1</b>	<b>-1,7</b>	<b>-1,6</b>	<b>0,1</b>
Heildartekjur .....	1.356,5	1.367,4	10,9	30,0	30,1	0,1
Heildargjöld .....	1.407,7	1.417,2	9,5	31,1	31,2	0,1
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-51,2</b>	<b>-49,8</b>	<b>1,4</b>	<b>-1,1</b>	<b>-1,1</b>	<b>0,0</b>



Greinargerð við einstaka málaflokka.

## 20 Framhaldsskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 150 m.kr.

### 20.30 Vinnustaðanám og styrkir

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 150 m.kr. vegna framlags til vinnustaðanámssjóðs með það að markmiði að efla vinnustaðanám og fjölga tækifærum nema til starfsþjálfunar.

## 23 Sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 50 m.kr.

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 50 m.kr. til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu með því að draga úr kostnaði við að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð.

## 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 5,1 ma.kr.

### 29.10 Barnabætur

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 3 ma.kr. Barnabætur verða bæði hækkaðar og dregið úr tekjuskerðingum sem fjölgar um 10 þúsund þeim foreldrum sem fá stuðning. Breytingar felast í því að fjárhæðir barnabóta hækka um 5,8% á árinu 2024 frá núverandi fyrirkomulagi og skerðingarmörk hækka sömuleiðis um 12,4%. Þar að auki verður skerðingarhlutfall 4% í stað 5%.

### 29.20 Fæðingarorlof

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins aukist um 600 m.kr. vegna hækkunar hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í áföngum á næstu tveimur árum. Þann 1. apríl sl. hækkuðu bæturnar úr 600 þús.kr. í 700 þús.kr. og er áætlað að viðbótarkostnaður vegna þessa nemi 600 m.kr. á árinu.

### **29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn**

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 1,5 ma.kr. vegna aðkomu ríkisins að gjaldfrjálsum skólamáltíðum grunnskólabarna frá og með ágúst 2024. Alls munu um 45 þúsund börn njóta gjaldfrjálsra máltíða og greiða forráðamenn í dag að meðaltali um 12–13 þús.kr. á mánuði fyrir máltíðir í grunnskólum. Áætluð bein kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða grunnskólabarna nemur í heild um 5 ma.kr. á ári og mun ríkið greiða 75% þess kostnaðar.

## **30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 49 m.kr.

### **30.10 Vinnumál og atvinnuleysi**

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 49 m.kr. til að bregðast við hækkun hámarksábyrgðar launa úr Ábyrgðasjóði launa sem hækkaði úr 633 þús.kr. í 850 þús.kr. 1. apríl 2024.

## **31 Húsnæðis- og skipulagsmál**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 7,6 ma.kr.

### **31.10 Húsnæðismál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 7,6 ma.kr. og skýrist það af þremur til-efnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 6 ma.kr. vegna sérstaks vaxtastuðnings til heimila með íbúðalán. Stuðningurinn tekur mið af vaxtagjöldum ársins 2023 og kemur til viðbótar almennum vaxtabótum. Áætlað er að stuðningurinn nái til 38 þúsund heimila. Ekki er gert ráð fyrir að aðgerðin verði endurtekin árið 2025 þar sem forsendur kjarasamninga miðast við að vaxtakostnaður heimila muni lækka. Í öðru lagi er gert ráð fyrir hækkun sem nemur 1,3 ma.kr vegna hækkunar húsnæðisbóta. Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta til leigjenda hækka um 25% frá 1. júní nk. og aukið tillit verður tekið til fjölskyldustærðar þannig að greiddar verða húsnæðisbætur fyrir allt að sex heimilismenn í stað fjögurra áður.

Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins hækki um 320 m.kr. vegna gjaldfærslu ríkisstuðnings vegna hlutdeildarlána. Hlutdeildarlán eru vaxtalaus lán sem veitt eru til einstaklinga undir ákveðnum tekjumörkum til kaupa á íbúðarhúsnæði. Lánin eru veitt af Húsnæðis-sjóði á grundvelli lánsheimildar í 5. gr. fjárlaga. Þar sem lánin eru vaxtalaus er um ríkisstuðning að ræða og er hann gjaldfærður í samræmi við reikningsskilareglur. Nú er gert ráð fyrir að Húsnæðissjóður ráðstafi 4 ma.kr. af heimildum sínum í hlutdeildarlán í stað 3 ma.kr. eins og fjárlög gera ráð fyrir. Við það eykst áætlaður ríkisstuðningur við úrræðið um 320 m.kr. á árinu 2024.